# Þingsályktun

**um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2017.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2017 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. júní og 26. júlí 2017, með fyrirvara um að veiðiheimildir færeyskra skipa í íslenskri lögsögu loðnuvertíðina 2017/2018 verði bundnar því skilyrði að íslenskum skipum séu jafnframt heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu Færeyja á árinu 2018.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. desember 2017.*